

Frá: Jóna Sigfríð Sigurbjartsdóttir
Sent: föstudagur, 25. mars 2022 19:06
Til: Gísli Halldór Halldórsson
Efni: Erindi frá Kvenfélagi Selfoss

Ársfundur Sambands sunnlenskra kvenna verður haldinn hér á Selfossi 30. apríl n.k. Kvenfélag Selfoss er gestgjafi fundarins.

Síðast var ársfundurinn haldinn hér 1995, svo þetta er ekki á hverju ári. Við sjáum um undirbúning og skipulag allan daginn frá kl. 10. 00 um morguninn. Gert er ráð fyrir að frá 50-70 konur sækji fundinn, en margar fara heim fyrir kvöldverð, ég mundi giska á að ca 60 konur mundu borða, en nákvæm tala kemur þegar skráningu líkur á fundinn, það verður ekki fyrir en eftir páska. Venja er að loknum fundarstörfum, að boðið er til hátíðarkvöldverðar og skemmtidagskrár. Yfirleitt er það í boði sveitar/bæjarstjórnar á viðkomandi svæði, fulltrúi sveitar/bæjarstjórnar er þá viðstaddur dagskrá kvöldsins og tekur til máls og segir eins og eina skemmtisögu ;)

Við erum búin að fá skemmtiatriði og tónlistaratriði. Þá höfum við fengið tilboð frá veisluþjónustu Suðurlands í kvöldmatinn, hlaðborð með tveimur kjötréttum og meðlæti, það var upp á 3.600 kr svo bættum við eftirrétti við kaffi og einni súkkulaðikökusneið, svo það hækkar lítillega.

Við vonum svo sannarlega að bærinn geti stutt okkur með því að greiða fyrir þennan kvöldverð. Við leggjum alla okkar peninga í að styrkja verkefni í nærumhverfinu og höfum því aldrei neitt handbært fé fyrir okkur sjálfar. Nú á síðasta aðalfundi styrktum við 3 verkefni tvö á vegum Árborgar, Auðlindina og Klett og það þriðja hefur Árborg nýtt sér það er hestaverkefnið Treystu mér. Við erum stoltar af því að geta lagt lið og þakklátar fyrir þann stuðning sem við fáum frá bæjarfélaginu, eins og t.d að fá afnot af húsnæði í eigu bæjarfélagsins. Ef þessar upplýsingar eru fullnægjandi, er engin þörf á fundi með þér, bara ef þú getur svarað okkur einhverju svo við vitum næstu skref hjá okkur.

Bestu þakkir og kveðjur,

Jóna S Sigurbjartsdóttir, form. kvenfélags Selfoss